



Biskup Íslands

Alþingi

Erindi nr. Þ 120, 775

komudagur 5/2 1996

Reykjavík, 1. febrúar 1996.

Umsögn: Frumvarp til laga um tæknifrjóvgun.

Frumvarpið er skýrt og skipulegt. Greinargerð lýsir ágætlega þróun tæknifrjóvgunarmála erlendis og þeim forsendum sem liggja til grundvallar frumvarpinu.

Almennt er tekið undir stefnu frumvarpsins, að heimila beri tæknifrjóvgun með lögum, til að hjálpa barnlausum hjónum eða þeim, sem njóta lögvendraðrar sambúðar, að eignast afkvæmi.

Það sem orkar tvímælis í frumvarpinu er einkum réttur barna, sem getin eru með gjafakynfrumum, hvort heldur er með eggi eða sæði. Kunn eru vandkvæði og sálarhrellingar margra þeirra sem þekkja ekki annað eða bæði lífforeldri og leita þeirra ákaft. Þegar grannt er skoðað takast á réttur hjóna eða sambýlisfólks til afkomenda annars vegar og réttur manns til upplýsinga um sjálfan sig hins vegar.

Óskir hjóna eða sambýlisfólks um að verða barns auðið er hvati til tæknifrjóvgana. Ekki er þó ljóst að þessar frómu óskir taki fram rétti barns til upplýsinga um upphaf sitt, þ.e. gjafa kynfrumu. Þegar nákvæmlega er skoðað virðist ekki réttlætandi að fela gjafa með nafnleynd og skipta miklu máli, þótt menn greini á um hlutföll og samspil við félagsmótun. Ekki hefur verið í frumvarpi eða greinargerð rökstutt með skýrum hætti að réttur barnsins sé minni en óskir foreldra. Meðan ekki hefur verið greitt úr þeim siðferðilega hnút er vart hægt að mæla með tæknifrjóvgun með gjafakynfrumu.

Í annan stað þyrfti að breyta tilnefningu í kærunefnd, sbr. 3. gr. Mikilvægt er að siðfræðingur komi þar við sögu. Mælt er enn fremur með, að siðfræðingur/ar komi að framkvæmd væntanlegra laga sbr. reglugerðarákvæði í 13. grein.



Ólafur Steinarson